

## Fundargerð 456

Föstudaginn 8. desember 2017 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í sal bæjarstjórnar Akranes, Stíllholti 16-18, Akranesi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson stjórnarformaður (IG), Einar E. Einarsson (EE), Gunnar Þorgeirsson (GP), Ingunn Guðmundsdóttir (IGu), Karl Björnsson (KB) og Rakel Óskarsdóttir (RÓ) og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjaviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl 9:10 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017
3. Starfs- og rekstraráætlun 2018
4. Atvinnuþróunarfélögin
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Tilboð í hlutafé Byggðastofnunar í Urtusteini ehf
7. Staða minkabænda
8. Aflamark Byggðastofnunar
9. Kauptilboð í Skagfirðingabraut 17-21 Sauðárkróki
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar, nr. 455 og var hún samþykkt án athugasemda og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AÞ fór yfir málefni Brothættra byggða í Árneshreppi, frestun á ráðstefnu um raforkuflutninga vegna veðurs, snarpan tímaramma stofnunarinnar í að gefa álit á frumvarpi til fjárlaga, uppfærða heimasíðu stofnunarinnar sem nú er komin í loftið og að dráttur hafi orðið á skilum arkitekta á lokateikningum á nýju húsnæði stofnunarinnar.

Hann fór jafnframt yfir rekstur þar sem allir rekstrarliðir eru innan marka þess sem var áætlað.

### 3. Starfs- og rekstraráætlun 2018

AÞ fór yfir áætlun um rekstur sem er í samræmi við árið á undan að því frátöldu að búist er við fjölgun sérfræðinga um eitt stöðugildi á árinu, sér í lagi í tengslum við aflamark Byggðastofnunar, flutningsjöfnun og aukningu í útlánunum. Þá fór hann yfir helstu þætti í öðrum köflum áætlunarinnar og hvernig þættir í nýjum stjórnsáttmála snerti Byggðastofnun með einhverjum hætti.

Snorri fór yfir nokkur atriði starfsáætlunar sem verða viðfangsefni á árinu 2018 en reiknað er með að haldið verði áfram vinnu við aðgerðir núgildandi byggðaáætlunar sem er ólokið sem og viðvarandi verkefnum svo sem NPA, NORA, ESPON og sóknaráætlunum. Hann taldi verkefni Brothættra byggða muni stækka á komandi ári þegar fleiri byggðarlög bætast

í hópinn. Hann sagði frá að margar umsóknir hafi borist um starf sérfræðings á Þróunarsviði og að gengið verði frá ráðningu í næstu viku. Hann ræddi um drög að nýjum samstarfssamningi við atvinnuþróunarfélögin sem kynnt voru síðar á fundinum og að nýtt vinnutorg sem samráðsvettvangur atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar hafi nýst vel. Einnig ræddi hann mikilvægi þess að gera myndarlegan gagnagrunn stofnunarinnar betur aðgengilegan fyrir utanaðkomandi aðila. Hann taldi mikilvægt að ná inn fjölgun um eitt stöðugildi hjá stofnuninni vegna ofangreindra verkefna því til viðbótar koma alltaf önnur tilfallandi verkefni frá ráðuneytinu eða öðrum sem ekki eru í áætlun. GP velti upp hvort eðlilegt væri að samskipti á milli atvinnuþróunarfélaganna fari fram á Facebook/Workplace með hliðsjón af nýjum reglum um persónuvernd. KB nefndi mikilvægi þess að Byggðastofnun greini stjórnarsáttmálann og teikni upp verkefnalista af hlutum sem stofnunin getur komið að í sáttmálanum. Þá velti hann upp þeim möguleika að Byggðastofnun komi að húsnæðismarkaðnum t.d. hvað varðar skilgreiningu á markaðssvæðum sem mundi hjálpa til við stefnumörkun í þessum málaflökki. Hann velti upp hvort til væri greining á þjónustusvæðum landsins (lögregla, heilbrigðisþjónusta, o.s.frv.) og þannig skilgreind „þjónustumörk“ hins opinbera. Að lokum ræddi hann mikilvægi þess að Byggðastofnun eigi frumkvæði í fleiri þáttum, til að mynda aðstoð við sauðfjár- og minkabú sem nærtæk dæmi. IG velti upp rétti til grunnþjónustu í öllum landshlutum og hvernig hann er skilgreindur. AP sagði frá því að nú væru í gangi þjónustukannanir í landshlutunum.

AME fór að lokum yfir helstu þætti í lánastarfsemi stofnunarinnar á næsta ári, þar með talið sögulegt hámark samþykktra lánveitinga ársins 2017 og áætlun í lánamálum fyrir næsta ár. AME ræddi jafnframt möguleika þess að taka þóknun fyrir veitt lánsloforð sem ekki verða að lánveitingum.

Ákveðið var að starfsmenn yfirfari þá punkta sem fram komu á fundinum og leggi uppfærða starfsáætlun fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

#### 4. Atvinnuþróunarfélögin

Snorri fór yfir drög að nýjum samningi við atvinnuþróunarfélögin og hvað væri breytt í honum frá síðasta samningi. Þá sér í lagi 6. grein sem er ný í heild sinni sem kveður á um markmiðasetningu og árangursmat og stjórnarmenn töldu almennt til bóta. Umræður sköpuðust um hvort rétt væri að útbúa samræmt skapalón sem félögin skiluðu útfylltu inn í samræmi við þau markmið sem sett hafi verið. Þetta auðveldi samanburð. Ljóst er þó að félögin eru í eðli sínu ólík og því erfitt að steypa þau öll í sama mót.

Nýr samningur við atvinnuþróunarfélögin var samþykktur samhljóða. Fundargerð lánanefndar nr. 32/17

#### 5. Fundargerðir lánanefndar

AP fór yfir fundargerðir lánanefndar nr. 34/17, 35/17, 36/17, 37/17, 38/17, 39/17 og 40/17.

Fundargerðirnar staðfestar

...

## 6. Tilboð í hlutafé Byggðastofnunar í Urtusteini ehf.

...

## 7. Staða minkabænda

AÐ og AME ræddu erfiða stöðu minkabænda á Íslandi í kjölfar sterks gengis íslensku krónunnar og lækkandi heimsmarkaðsverð á minkaskinum. Fundarmenn ræddu mikilvægi þess að Byggðastofnun aðstoði bændur í erfiðri stöðu eftir fremsta megni. Lagt er til við forstjóra að óska eftir fundi með ráðherra um stöðuna og með hvaða hætti stofnuninni verði tryggðir þeir fjármunir sem hún léti í verkefnið ef þeir væru veittir umfram hefðbundnar lánareglur og bæru þ.a.l. aukna tapshættu.

## 8. Aflamark Byggðastofnunar

Frestað.

## 9. Kauptilboð í Skagfirðingabraut 17-21

Sveitarfélagið Skagafjörður gerir Byggðastofnun 45 mkr. kauptilboð í 35% eignarhlut stofnunarinnar í fasteigninni Skagfirðingabraut 17-21, fnr. 213-2218.

Kauptilboðið samþykkt samhljóða.

## 10. Önnur mál

*Tækniframfarir og fjarheilbrigðisþjónusta*

IG ræddi tækniframfarir og möguleika í fjarheilbrigðisþjónustu. Umræður mynduðust um framþróun í þessum efnum á Íslandi og miðlun sjúkragagna á milli heilbrigðisstofnanna

## 11. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur verði föstudaginn 26. janúar í húsakynnum Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Forstjóri og formaður teikni upp tillögu að fundaröð næsta árs og kynni stjórnarmönnum í framhaldinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10

Arnar Már Elíasson, fundarritari

---



---



---



---

---

---

---